

**Sp. 114. Tillaga til þingsályktunar [103. mál]**

um áætlun um landgræðslu árin 1980—1985.

Flm.: Halldór E. Sigurðsson, Vilhjálmur Hjálmarsson, Þórarinn Sigurjónsson, Páll Pétursson, Stefán Valgeirsson.

Alþingi ályktar að fela ríkisstjórninni að láta gera áætlun um framhald landgræðslu þegar landgræðsluáætlun þeirri, sem tengd er þjóðargjöfinni frá 1974, lýkur í lok ársins 1979.

Skal í áætlun þessari gera tillögu um það sem verja á til landgræðslu á tíma-bilinu. Skipta skal fjámagninu milli einstakra þátta í landgræðslunni, svo sem gras-ræktar, skógræktar, vísindalegra tilrauna og fleiri þátta er landgræðslu varða.

Enn fremur verði athugað, hvort í áætlun þessari á ekki að tilgreina þau landssvæði, er forgang eiga að fá í landgræðsluáætlun.

Áætlanagerðinni verði lokið í tíma, svo hægt verði að taka tillit til hennar við gerð fjárlaga fyrir árið 1980.

**G r e i n a r g e r ð .**

Þegar íslenska þjóðin minntist ellefu hundruð ára byggðar í landinu ákvað hún að gera það með því að verja verulegri fjárhæð til að bæta land sitt. Í sam-ræmi við þennan vilja þjóðarinnar ákvað Alþingi á fundi sínum á Þingvöllum að verja 1000 milljónum króna til landgræðslu og landverndar á árunum 1974—1979. Í þeirri ályktun er gert ráð fyrir sama verðgildi árlega og árið 1974. Ekki orkar það tvímælis, að þessi þjóðargjöf til landsins hefur haft tvíþætt áhrif. Hún hefur vakið áhuga þjóðarinnar á því að vernda og bæta landið, og einnig hefur mikið áunnist í landvernd og landgræðslu. Jafnhliða þessum þáttum hefur og margvís-leg löggjöf verið sett til skipulegrar og skynsamlegrar notkunar á landi og er komin til framkvæmda. Þrátt fyrir það að vel hafi verið að verki staðið og mikið hafi áunnist er ljóst, að mestu af því er á glæ kastað ef fjárveiting til landgræðslu yrði nú felld niður, eins og tillagan frá 1974 gerir ráð fyrir, og skipulegum framkvæmdum í landgræðslu yrði hætt. Tillaga þessi er því flutt til að fá fram nýja viljayfirlýsingu Alþingis um fjárveitingu til landgræðslu, er nemi að verðgildi eigi lægri fjárhæð en þeirri er núgildandi tillaga felur í sér, og að áfram verði haldið skipulegu landverndar- og landgræðslustarfi.